


SOS Barnaþorpin

Ársreikningur 2021



**Hamraborg 1
200 Kópavogur**

Kt. 500289-2529

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 1 |
| Áritun og skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Skýringar | 6 |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar í SOS-barnaþorpunum

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SOS-barnaþorpanna fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2021, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2021 og efnahag þess 31. desember 2021 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álití

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð SOS-barnaþorpunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi SOS-barnaþorpanna og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftifarandi:


- * Við greinum og metum hætturnar á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Kópavogur, 10. maí 2022


Sigrún Jónsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi samtakanna er barnahjálp. Meðalfjöldi ársverka á árinu var 5,8.

Á árinu 2021 var skráningarförmí SOS Barnaþorpanna breytt úr félagasamtökum í almannuheillafélag með starfsemi yfir landamæri.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hækkan á hreinni eign til greiðslu hjálparstarfs á árinu kr. 40.213.782. Hrein eign félagsins í árslok var kr. 553.486.663 en af þeim fjármunum hafa verið teknir frá fjármunir að fjárhæð kr. 389.658.242 til þess að standa undir framtíðarskuldbindingum fjölskyldueflingar- og annarra þróunarverkefna. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn SOS-barnaþorpanna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Kópavogur, 10. maí 2022



Kristján Þ. Davíðsson, stjórnarförmáður



Maria F. Rúriksdóttir

María F. Rúriksdóttir



Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir

Framkvæmdastjóri:



Ragnar Schram

Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|--|-------|--------------------|--------------------|
| Framlög | | | |
| Framlög styrktarforeldra og barnaþorpsvina | | 415.319.395 | 407.083.470 |
| Gjafir til barna og barnaþorpa | | 15.501.649 | 8.945.394 |
| Fjölskylduvinir, mánaðarleg framlög | | 17.423.989 | 17.224.625 |
| Frjáls framlög og fjáraflanir | 3 | 100.132.211 | 130.306.320 |
| Fyrirtækja- og stofnanaframlög | | 25.076.099 | 16.180.002 |
| Erfðagjafir | | 9.337.515 | 0 |
| Opinber framlög | | 39.958.629 | 58.968.902 |
| Húsaleigutekjur | | 2.520.046 | 2.232.740 |
| Vaxta, fjármagnstekjur og gengishagnaður | | 44.131.178 | 32.797.659 |
| | | 669.400.711 | 673.739.112 |

Útgjöld

| | | | |
|---|-----|-----------------------|-----------------------|
| Framlög til barnaþorpa | 4 | 353.021.486 | 346.020.949 |
| Gjafir til styrktarbarna og þorpa | | 15.501.649 | 8.945.394 |
| Framlag til SOS International | | 74.047.086 | 46.112.927 |
| Stuðningur vegna verkefna | | 30.070.592 | 64.667.854 |
| Opinber ráðstöfun til verkefna | | 38.958.628 | 58.968.902 |
| Tilkostnaður vegna fjáraflana | | 22.377.827 | 40.836.920 |
| Rekstur fasteignar | | 1.947.155 | 2.863.259 |
| Laun og launatengd gjöld | 5 | 63.324.270 | 57.175.719 |
| Kynningar- og markaðsmál | | 7.928.617 | 7.154.317 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 17.837.366 | 13.723.626 |
| Afskriftir | 6,7 | 4.172.253 | 4.363.038 |
| | | 629.186.929 | 650.832.905 |
| Hækkun á hreinni eign til greiðslu hjálparstarfs | | 40.213.782 | 22.906.207 |

Efnahagsreikningur 31.12.2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|-------|--------------------|--------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | | |
| Fasteign | 6 | 22.564.672 | 24.188.006 |
| Áhöld og tæki | 7 | 11.653.351 | 4.739.558 |
| Fastafjármunir samtals | | 34.218.023 | 28.927.564 |
| Veltufjármunir | | | |
| Óinnheimtar tekjur (kreditkort o.fl.) | | 12.317.911 | 13.458.148 |
| Fyrirframgreidd styrktarframlög | 8 | 127.996.501 | 140.076.353 |
| Eignastýring Landsbankans | 9 | 475.068.127 | 462.609.095 |
| Sjóður og bankareikningar | | 125.724.700 | 80.993.418 |
| Veltufjármunir samtals | | 741.107.239 | 697.137.014 |
| Eignir samtals | | 775.325.262 | 726.064.578 |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Eigið fé | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 10 | 97.953.648 | 253.141.641 |
| Neyðarsjóður | | 30.000.000 | 13.966.653 |
| Varasjóður | | 35.874.773 | 35.874.773 |
| Frátekið vegna verkefna | 11 | 389.658.242 | 210.289.814 |
| Eigið fé samtals | | 553.486.663 | 513.272.881 |
| Skammtímaskuldir og skuldbindingar | | | |
| SOS Vínarborg | 12 | 196.793.103 | 189.327.721 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 25.045.496 | 23.463.976 |
| Skuldir samtals | | 221.838.599 | 212.791.697 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 775.325.262 | 726.064.578 |

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SOS-Barnaborpin eru almannaheillafélag með starfsemi yfir landamæri og er megin starfsemi samtakanna fólin í barnahjálp. Lögheimili félagsins er að Hamraborg 1, 200 Kópavogur.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að samtökini hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákværðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fíjar teljast sjóður og bankainnstæður.

Framlög

Framlög eru færð þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samtakanna og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Framlög eru metin á gangvirði þegar þau berast.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarrekning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Gengi

| | 2021 | 2020 |
|-----------------|-------|-------|
| EUR 31/12 | 147,6 | 156,1 |
| DKK 31/12 | 19,8 | 21,0 |
| USD 31/12 | 130,4 | 127,2 |

3. Frjáls framlög og fjáraflanir

Undir þessum lið er meðal annars símasöfnun, neyðarsöfnun, valkröfur einstaklinga, vörusala, fjárfölin í tengslum við Reykjavíkurmarathon, jólafjároflun og myntsöfnun.

Skýringar

4. Framlög til barnaþorpa

| | 2021 | 2020 |
|--|--------------------|--------------------|
| Framlög styrktarforeldra og barnaþorpsvina | 415.319.395 | 407.083.470 |
| Umsýslugjald til SOS á Íslandi (15%) | (62.297.909) | (61.062.521) |
| Framlög til barnaþorpa | 353.021.486 | 346.020.950 |

5. Laun og launatengd gjöld

| | 2021 | 2020 |
|------------------------|-------------------|------------|
| Launakostnaður | 51.419.954 | 46.936.268 |
| Launatengd gjöld | 11.904.316 | 10.239.451 |
| 63.324.270 | 57.175.719 | |

Stöðugildi hjá SOS Barnaþorpunum voru að meðaltali 5,8 á árinu 2021 en voru 5,1 árið 2020.

6. Fasteign

Fasteignin er skráð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum fyrningum.

| | 2021 | 2020 |
|------------------------------|--------------|--------------|
| Stofnverð 1/1 | 40.583.344 | 40.583.344 |
| Afskrifað alls 1/1 | (16.395.338) | (14.772.004) |
| Afskrifað á árinu | (1.623.334) | (1.623.334) |
| Bókfært verð 31/12 | 22.564.672 | 24.188.006 |
| Afskriftarhlutföll | 4% | 4% |

Fasteignir félagsins eru metnar með eftирgreindum hætti.

| | Fasteignamat | Vátryggingamat |
|------------------|--------------|----------------|
| Fasteignir | 61.810.000 | 74.792.107 |

7. Áhöld og tæki

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félagini framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Skýringar

| | 2021 | 2020 |
|--------------------------|-------------------|------------------|
| Stofnverð 1/1 | 5.288.551 | 11.517.714 |
| Afskrifað alls 1/1 | (548.993) | (7.294.052) |
| Viðbót á árinu | 9.462.712 | 3.255.600 |
| Afskrifað á árinu | (2.548.919) | (2.739.704) |
| Bókfært verð 31/12 | <u>11.653.351</u> | <u>4.739.558</u> |
| Afskriftarhlutföll | 20% | 20% |

8. Fyrirframgreidd styrktarframlög

SOS International starfrækir greiðslukerfi fyrir styrktarframlög (Shared Treasury Services / STS kerfi). Ársfjórðungslega greiðir SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem síðan dreifir styrktarframlögum til móttökulanda. Í desember ár hvert greiðir t.a.m. SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem eru framlög vegna fyrsta ársfjórðungs næsta árs og myndar sú fjárhæð inneign í reikningum SOS á Íslandi. Inneign SOS á Íslandi nam í árslok 2021 kr. 127.996.501.

9. Eignastýring

| | 2021 | 2020 |
|--|--------------------|--------------------|
| Matsvirði sjóða og skuldabréfa í lok árs | 475.068.127 | 464.324.298 |
| * Fjármagnstekjuskattsskuldbinding | 0 | (1.715.203) |
| | <u>475.068.127</u> | <u>462.609.095</u> |

* Þann 1. nóvember 2021 tóku í gildi lagabreytingar sem kveða á um að samtökin séu undanskilin greiðslu á fjármagnstekjuskatt. Vegna ársins 2020 kemur til lækkunar á eigninni skuldbinding vegna vænts fjármagnstekjuskatts af óinnleystum hagnaði í árslok, sem er 22%.

10. Óráðstafað eigið fé

| | 2021 | 2020 |
|--|-------------------|--------------------|
| Óráðstafað eigið fé 1/1 | 253.141.641 | 210.701.063 |
| * Færsla m. eiginfjárlíða, breyting á neyðarsjóð | (16.033.347) | 9.359.451 |
| * Færsla m. eiginfjárlíða, breyting á framtíðarverkefnum | (179.368.428) | 10.174.920 |
| Afkoma | 40.213.782 | 22.906.207 |
| | <u>97.953.648</u> | <u>253.141.641</u> |

* Meðal eigin fjár eru teknir frá fjármunir fyrir neyðarsjóð, varasjóð og framtíðarverkefni (skýring nr. 11). Breytingar ársins meðal eigin fjár eru færðar hér.

Skýringar

11. Frátekið vegna verkefna

SOS á Íslandi hefur tekið frá fjármuni meðal eigin fjár, til þess að standa undir erlendum verkefnum í framtíðinni.

| | 2021 | 2020 |
|--|--------------------|--------------------|
| Verkefnasjóður | 0 | 1.561.000 |
| Erfðagjöf (verkefni á Grænlandi) | 37.881.889 | 37.881.889 |
| Eþíópía | 67.000.000 | 67.000.000 |
| * Fjölskyldueflingar- og önnur þróunarverkefni | 284.776.353 | 25.796.925 |
| ** Revolving fund | 0 | 78.050.000 |
| | 389.658.242 | 210.289.814 |

* Á árinu 2021 starfrækti SOS á Íslandi samtals þrjú verkefni:

- **Fjölskyldueflingu í Tullu Moye í Eþíópiu** en þar hjálpar SOS 560 foreldrum og 1.562 börnum þeirra að komast upp fyrir fátæktarmörk og að standa á eigin fótum. Verkefnið hófst 2018 og lauk 31.12.2021. Á árinu 2021 var tekin ákvörðun um að hefja framhaldsverkefni sem hefst í beinu framhaldi af fyrra verkefni eða í upphafi árs 2022 og lýkur í lok árs 2023. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá Utanríkisráðuneytinu, framlögum frá fjölskylduvinum (eyrnamerk framlög) og frjálsum styrktarframlögum. Skuldbinding SOS á Íslandi vegna verkefnisins er 53.592.600 kr. sé miðað við árslokagengi.
- **Verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó.** Verkefninu er ætlað að vinna gegn því þjóðfélagsmeini sem kynferðisleg misneyting á börnum er, m.a. á verkefnasvæðinu í Tógó. Verkefnið hófst 2020 og kemur til með að ljúka í lok árs 2022. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá Utanríkisráðuneytinu, með fjármagni í tengslum við fyrirtækjasamstarf SOS og Heimstaden (greitt af SOS í Noregi til verkefnis) og frjálsum styrktarframlögum. Skuldbinding SOS á Íslandi vegna verkefnisins er 9.679.490 kr. sé miðað við árslokagengi.
- **Atvinnuhjálp ungs fólks í Sómalíu og Sómalilandi.** Verkefnið nefnist „The Next Economy“ og snýst um að þjálfa ungt fólk sem er án atvinnu til atvinnubáttöku, bæði þannig að það geti sótt um vinnu hjá öðrum og/eða stofnað sinn eigin atvinnurekstur. Verkefnið hófst 2019 og lauk 31.12.2021. Á árinu 2021 var tekin ákvörðun um að hefja framhaldsverkefni sem hefst í beinu framhaldi af fyrra verkefni eða í upphafi árs 2022 og kemur til með að ljúka í lok árs 2024. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá Utanríkisráðuneytinu, með fjármagni í tengslum við fyrirtækjasamstarf SOS og Heimstaden (greitt af SOS í Noregi til verkefnis) og frjálsum styrktarframlögum. Skuldbinding SOS á Íslandi vegna verkefnisins er 88.789.386 kr. sé miðað við árslokagengi.

Til viðbótar mun SOS á Íslandi hefja tvö ný verkefni í tveimur nýjum löndum:

- **Fjölskylduefling í Nagbu í Malaví** sem kemur til með að ná beint til 1.500 barna og ungmenna í 400 fjölskyldum sem fá ekki grunnþörfum sínum mætt vegna bágra aðstæðna foreldra þeirra eða forráðamanna. Verkefnið hefst 2022 og lýkur í lok árs 2025. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá Utanríkisráðuneytinu, framlögum frá fjölskylduvinum (eyrnamerk framlög) og frjálsum styrktarframlögum. Skuldbinding SOS á Íslandi vegna verkefnisins er 124.631.154 kr. sé miðað við árslokagengi.

Skýringar

- **Fjölskylduefling í Gicumbi héraði í Rúanda** þar sem áætlanir gera ráð fyrir að skjólstæðingar verði um 1.400 börn og ungmenni og foreldrar þeirra í 300 fjölskyldum sem búa við sárafátækt. Verkefnið hefst 2022 og lýkur í lok árs 2025. Verkefnið er að mestum hluta fjármagnað með fjármunum í tengslum við fyrirtækjasamstarf SOS og Heimstaden (greitt af SOS í Noregi til verkefnis). Fyrsta árið mun SOS í Noregi greiða að fullu kostnað við verkefnið en frá og með árinu 2023 greiðir SOS á Íslandi 10% kostnað við verkefnið sem verður fjármangað með framlögum frá fjölskylduvinum (eyrnamerk framlög) og frjálsum styrktarframlögum. Skuldbinding SOS á Íslandi vegna verkefnisins er 8.083.723 kr. sé miðað við árslokagengi.

SOS á Íslandi hefur tekið frá fjármuni meðal eigin fjár til þess að standa straum af verkefnakostnaði sem greiddur er af SOS á Íslandi. Ekki eru teknir frá fjármunir vegna skuldbindinga SOS í Noregi. Nánari sundurliðun á færslum milli eiginfjárlíða má finna hér að neðan, þ.e. breyting á fjölskyldueflingarverkefnum og öðrum þróunarverkefnum.

| | 2021 | 2020 |
|--|-------------------|------------------|
| Fjölskyldueflingar- og önnur þróunarverkefni 1/1 | 25.796.925 | 40.876.345 |
| Filippseyjar (verkefni lauk 2020) | 0 | (6.800.034) |
| Sómalía/Sómalíland I (verkefni lauk 31.12.2021) | (9.767.866) | (3.404.804) |
| Eþíópía I (verkefni lauk 31.12.2021) | (7.257.048) | (5.187.146) |
| Tógó (verkefni lýkur 31.12.2022) | 907.480 | 312.564 |
| Malaví (verkefni hefst 2022) | 124.631.154 | 0 |
| Rúanda (verkefni hefst 2022) | 8.083.723 | 0 |
| Sómalía/Sómalíland II (framlenging hefst 2022) | 88.789.386 | 0 |
| Eþíópía II (framlenging hefst 2022) | 53.592.600 | 0 |
| | <hr/> 284.776.353 | <hr/> 25.796.925 |

** SOS IS hafði lofað framlagi að fjárhæð 500.000 EUR í lánasjóðinn Revolving Fund sem áttu að greiðast á þremur árum. SOS IS tók frá fjármuni meðal eigin fjár sem var ætlað að nýta til að standa straum af skuldbindingu SOS IS við sjóðinn. SOS í öðrum löndum hefur staðið til boða að sækja um lán í sjóðinn með það að markmiði að efla fjároflun sína. Því miður hafa lönd ekki sýnt sjóðnum áhuga þar sem aðgangur þeirra að styrkjum er þónokkur. Í ljósi þess að umsóknir um lán hafa ekki borist sjóðnum ákvað stjórн SOS á Íslandi að draga loforð sitt að að fjárhæð 500.000 EUR til baka. Fjármunir eru því færðir af eiginfjárlíðum „Frátekið fyrir framtíðarverkefni“ og yfir í eiginfjárlíðinn „óráðstafað eigið fé“.

12. SOS Vínarborg

Skuldbinding er vegna framlaga styrktarforeldra og barnaþorpsvina frá 1. júlí 2021 til ársloka 2021. Fjárhæð þessi kemur til greiðslu á fyrstu sex mánuðum ársins 2022.

| | 2021 | 2020 |
|---|--------------------|--------------------|
| Nettó skuldbinding við Vínarborg | 68.796.602 | 49.251.368 |
| Fyrirframgreidd styrktarframlög (skýring nr. 8) | 127.996.501 | 140.076.353 |
| Skuldbinding við Vínarborg | 196.793.103 | 189.327.721 |